



Bæjarstjórn Garðabæjar 12. (834)/2018

Boðað er til 12. (834). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 20. september 2018 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dagskrá:

1. 1809010F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/9 '18.
2. 1809020F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/9 '18.
1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 - viðaukar 4-7.
3. 1808012F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 11/9 '18.
4. 1809005F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 7/9 '18.
5. 1809012F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 17/9 '18.
6. 1808033F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 6/9 '18.
7. 1809009F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/9 '18.
8. 1801146 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 30/8 '18.
9. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 12/9 '18.
10. 1801175 - Fundargerð stjórnar SSH frá 3/9 '18.
11. 1704087 - Fundargerð 16. eigendafundar Strætó bs. frá 3/9 '18.
12. 1704086 - Fundargerð 13. eigendafundar Sorpu bs. frá 3/9 '18.
13. 1802195 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 11/9 '18.
14. 1809229 - Tillaga Garðabæjarlistans um gjaldfrjálsan tómsundaakstur.
15. 1809228 - Tillaga Garðabæjarlistans um stofnun Sköpunarmiðstöðvar (Menningarhús).
16. 1809227 - Tillaga Garðabæjarlistans um styttingu vinnuviku hjá starfsfólki Garðabæjar.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
11. (833). fundur 2018

Fimmtudaginn 6. september 2018 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fengler, Guðfinnur G. Sigurvinsson, Stella Stefánsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 16. ágúst 2018 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808019F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/8 '18.

Björg Fengler, ræddi 4. tl., bréf íþróttafulltrúa um opnunartíma sundlaugar Garðabæjar.

Afgreiðsla mála:

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2018, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Urriðaholtsskóli	kr. 500.000.000
Fjölnota salur	kr. 150.000.000
Ásgarður - nýtt parketgólf	kr. 60.000.000
Fjölnota íþróttahús (lækkun)	kr. -270.000.000
Útilífsmiðstöð skáta (lækkun)	kr. -20.000.000
Endurbætur sundlaugar í Ásgarði	kr. 170.000.000
Álftanesskóli - viðbygging	kr. 60.000.000
Samtals - hækkun	kr. 750.000.000

Tekin ný langtímalán kr. 750.000.000

Fundargerðin sem er 9 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1808026F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/8 '18.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 9. tl., bréf lögmanns f.h. umbj. varðandi kröfu um miskabætur vegna frávisunar úr skóla.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi sama mál.

Ingvar Arnarson, ræddi 5. tl., bréf Brynju Hússjóðs ÖBÍ varðandi umsókn um stofnframlag og 8. tl. bréf lögmanns f.h. umbj. varðandi sölu á húsnæði við Njarðargrund 2

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi sömu mál.

Fundargerðin sem er 9 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1808035F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/9 '18

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., líkamsrásir – öryggi og eftirlit.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 1. tl., líkamsrásir – öryggi og eftirlit.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., líkamsrásir – öryggi og eftirlit.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 1. tl., líkamsrásir – öryggi og eftirlit.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., líkamsrásir – öryggi og eftirlit.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 15. tl., bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsfélögum.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., líkamsrásir – öryggi og eftirlit, 7. tl., afgreiðslu á erindi barnaverndarstofu um lóð fyrir meðferðarheimili 19. tl., bréf Umhverfisstofnunar um áætlanir og úrbætur í fráveitumálum.

Björg Fenger, ræddi 15. tl., bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsfélögum.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 19. tl., bréf Umhverfisstofnunar um áætlanir og úrbætur í fráveitumálum.

Afgreiðsla mála:

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir austurhluta Urriðaholts, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst og bærust athugasemdir og liggja fyrir svör við athugasemdum. Á tillögunni hafa verið gerðar eftirfarandi breytingar. Stígur við heimreið golfskála Odds verður færður austan við heimreið. Byggingarreitir og útfærsla bifreiðageymslna að Holtssvegi 53, 55 og 57 breytast.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar að nýju tillögu að deiliskipulagi Lundahverfis, samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga, vegna lóðarinnar við Miðhraun 24. Í breytingunni felst stækkun lóðar, breytingar á aðkomu, breyting á byggingarreit ofl.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi Bessastaða. Tillagan skal auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga. Áður en tillagan verður auglýst eiga að liggja fyrir umsagnir Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar.

Fundargerðin sem er 21 tl. er samþykkt samhljóða.

4. 1807016F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 17/8 '18.

Björg Fenger, ræddi 11. tl., tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt. Björg sagði frá opnun nýs frisbíggvallar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 11. tl., tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 11. tl., tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt og val iðkenda til að stunda fleiri íþróttagreinir. Jóna sagði frá nýjum hreystistöðvum sem settar hafa verið upp við gönguleiðir í bænum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 11. tl., tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt.

Björg Fengler, ræddi 11. tl., tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 11. tl., tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt.

Ingvar Arnarson, ræddi 11. tl., tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt.

Almar Guðmundsson, ræddi 11. tl., tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 11. tl., tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt.

Fundargerðin lögð fram.

5. 1808021F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 24/8 '18.

Fundargerðin lögð fram.

6. 1808013F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/8 '18.

Fundargerðin lögð fram.

7. 1808022F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 29/8 '18.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., skólabyrjun og fjölda nemenda í grunnskólum skólaárið 2018-2019 og lagði fram eftirfarandi áskorun sem hún flytur ásamt Sigríði Huldu Jónsdóttur.

„Bæjarstjórn Garðabæjar skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að farið verði strax í stækkun á húsnæði Fjölbautaskólans í Garðabæ.“

Greinargerð:

Fjölbautaskólinn í Garðabæ er með vinsælli framhaldsskólum landsins, vinsældir skólans má ekki síst rekja til öflugra list- og verknámsbrauta. Nauðsynlegt er að hlúa að verk- og listnámi til að tryggja fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi. Mjög þröngt er orðið um starfsemina í húsnæði skólans og því afar mikilvægt að tryggja fjármagn í viðbyggingu og koma þannig til móts við fjölda umsækjenda og til móts við fyrirheit ráðamanna um eflingu verk- og listnáms í landinu.

Staðið hefur til að stækka húsnæði skólans í meira en áratug, byggingarnefnd var skipuð árið 2007 sem starfaði fram í desember 2008. Á þessum árum hefur orðið mikil fólksfjölgun í sveitarfélaginu til viðbótar við sameiningu sveitarfélaganna Garðabæjar og Álftaness. Áframhaldandi uppbygging og fjölgun er fyrirhuguð í sveitarfélaginu.

Í haust bást yfir 600 umsóknir í skólann í fyrsta og annað val. Það er því ljóst að mikil aðsókn er í skólann og færri komast að en vilja. Margir af þeim sem sóttu um skólavist í FG en fengu neitun um inngöngu eru ungmenni sem búsett eru í Garðabæ og vilja stunda nám í sinni heimabyggð. Garðabær hefur lagt mikla áherslu á að í sveitarfélaginu séu góðir skólar þar sem ríkir metnaður til að gera vel og að árangur sé góður.

Í sumar, nánar tiltekið 6. júní sl., sendu formaður og varaformaður skólanefndar FG, skólameistari ásamt bæjarstjóra Garðabæjar bréf til mennta- og menningarmálaráðherra þar sem bent var á brýna húsnæðisþörf skólans.

Garðabær skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að tryggja fjármagn þannig að framkvæmdir við viðbyggingu skólans geti hafist sem fyrst.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna áskorun og lýsti yfir stuðningi við hana.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi, framkomna áskorun. Þá ræddi Sigríður Hulda 4. tl., ársskýrslur grunnskóla 2017-2018, 8. tl., menntadaginn 26. október og 9. tl., forvarnavika haust 2018.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., starfshætti nefnda, 6. tl., tillögu um hinsegin fræslu – heilsueflandi samfélag

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða áskorun til mennta- og menningarmálaráðherra.

Fundargerðin lögð fram.

8. 1801390 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/8 '18.

Fundargerðin lögð fram.

9. 1801175 - Fundargerð stjórnar SSH frá 13/8 '18.

Fundargerðin lögð fram.

10. 1805157 - Fundargerð stjórnar SHS frá 17/8 '18.

Fundargerðin lögð fram.

11. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 17/8 '18.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., viðræður við SOS um urðunarstað. Þá ræddi Jóna verkefnið plastlaus september og flokkun plasts frá heimilum í Garðabæ.

Fundargerðin lögð fram.

12. 1801146 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17/8 '18.

Björg Fenger, ræddi 2. tl., árshlutauppgjör janúar-júní og 5. tl., greiðslukerfi.

Ingvar Arnarson, ræddi 5. tl., greiðslukerfi og 6. tl. vetnisverkefnið.

Björg Fenger, ræddi 6. tl. vetnisverkefnið og svaraði fyrirspurn.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., kosning formanns og varaformans, 2. tl., árshlutauppgjör janúar – júní og 6. tl. vetnisverkefnið.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 6. tl. vetnisverkefnið.

Fundargerðin lögð fram.

13. 1802055 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 17/8 '18.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 3. tl., störf og verkefni svæðisskipulagsnefndar.

Fundargerðin lögð fram.

14. 1809036 - Tillaga Garðabæjarlistans um framsetningu forgangsröðunar stefnumála meirihluta.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að meirihlutinn leggi fram áætlun um forgangsröðun stefnumála sinna fyrir hvert starfsár kjörtímabilsins.“

Greinargerð:

Garðabæjarlistinn leggur áherslu á frekari samvinnu í bæjarstjórn. Einn liður í því er að leggja til að meirihlutinn leggi fram áætlun um forgangsröðun stefnumála sinna fyrir hvert starfsár kjörtímabilsins. Þannig má efla og treysta samstarf allra kjörinna fulltrúa en ekki síður gefa minnihluta meira svigrúm til þess að koma að þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru og um leið nýta þá þekkingu og sýn sem fylgir því að fá fleiri að málum hverju sinni.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað til bæjarráðs.

Bæjarstjórn vísar framkominni tillögu til bæjarráðs.

15. 1809035 - Tillaga Garðabæjarlistans um víðtækara samráð og samvinnu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu um aukið samráð og samvinnu meiri- og minnihluta í allri vinnu við fjárhagsáætlun bæjarins. Þannig að fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn sitji alla vinnufundi allt frá upphafi ferlisins til loka þar með talið fundi með sviðsstjórum.“

Greinargerð:

Víðtækt samráð og samvinna eru þættir sem kallað er eftir í samfélaginu öllu. Að unnið sé að því markvisst að fá fram ólík sjónarhorn og áherslur í vinnu sem við kemur öllum íbúum telur Garðabæjarlistinn afar góða skírskotun í slíkt ákall. En ekki síður að slík vinnubrögð séu afar farsæl leið til að skapa víðtækan samhljóm frá áætlunargerð kjörinna fulltrúa til stjórnáráðs þ.e. til þeirra sem leiða pólitískar áherslur til framkvæmda. Með því að hafa alla kjörna fulltrúa við borðið frá upphafi við vinnu eins og fjárhagsáætlunargerð sem snertir okkur öll þegar til framkvæmda kemur er frábært tækifæri til ennþá lýðræðislegri vinnubrögða sem um leið ýtir enn frekar undir víðtæka sátt um þær áherslur sem liggja fyrir. Við erum öll kosin til þess að leiða Garðabæ áfram veginn. Slíkt skiptir máli þegar ráðstafa á fjármunum úr sameiginlegum sjóðum. Því hvetur Garðabæjarlistinn til þessarar nýbreytni í vinnulagi bæjarstjórnar í Garðabæ. Nútímalegri vinnubrögð þar sem ýtt er undir enn frekari sátt og forsendur til öflugs starfs í þágu allra íbúa í alvöru samvinnu allra kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað til bæjarráðs.

Almar Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Bæjarstjórn vísar framkominni tillögu til bæjarráðs.

16. 1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 - lántaka.

Gunnar Valur Gíslason kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 750.000.000, með lokagjalddaga þann 5. maí 2033, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Bæjarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu á grunnskóla í Urriðaholti sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Guðjóni Erling Friðrikssyni, bæjarritara Garðabæjar kt. 291154-3529, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.“

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 6. september 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Guðfinnur G. Sigurvínsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
32. (1847). fundur 2018

Þriðjudaginn 11. september 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1805336 - Kinnargata 1 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Dverghúsum ehf., kt. 630418-1190 leyfi til að byggja einbýlishús að Kinnargötu 1.
- 2. 1809066 - Bréf Sorpu bs. varðandi árshlutareikning, janúar-júní 2018, dags. 31.08.18.**
Lagt fram.
- 3. 1808387 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um innleiðingu í leikskólum vegna nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, dags. 24.08.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til úrvinnslu hjá fræðslu- og menningarsviði og persónufulltrúa.
- 4. 1809083 - Tilkynning frá forsætisráðuneytinu varðandi skýrslu starfshóps um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnýslu, dags. 05.09.18.**
Lögð fram til kynningar.
- 5. 1809036 - Tillaga Garðabæjarlistans um framsetningu forgangsröðunar stefnumála meirihluta.**
Lögð fram og vísað til frekari umræðu samhliða vinnu við gerð og afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.
- 6. 1809035 - Tillaga Garðabæjarlistans um viðtækara samráð og samvinnu.**
Lögð fram og vísað til frekari umræðu og skoðunar við framlagningu á vinnuferlum og forsendum fjárhagsáætlunar.

Ingvar Arnarson, lagði fram eftirfarandi bókun:

„Garðabæjarlistinn undirstrikar að mikilvægt sé að allir bæjarfulltrúar komi að gerð fjárhagsáætlunar alveg frá byrjun og til enda. Með þeim hætti er hægt að tryggja að sem flest sjónarmið komist til skila, það er nauðsynlegt þegar ákveða á ramma um vinnu næsta fjárhagsár. Samráð og samtal er lykilforsenda þess að hagsmunir allra séu undir. Íbúalýðræðið er einn liður í slíkri vinnu og tækifærin til að leggja fram athugasemdir liður í því en eru engu að síðu allt annars eðlis en sú vinna sem unnin er við fjárhagsáætlun frá fyrstu stigum.“

7. **1809094 - Tilkynning frá stjórnarráðinu varðandi viljayfirlýsingu um aukið samstarf í þágu barna, dags. 07.09.18.**
Lögð fram viljayfirlýsing þar sem félags- og jafnréttisráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, dómsmálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga lýsa yfir vilja til að auka samstarf milli málefnasviða sem undir hvern og einn aðila heyra og snúa að velferð barna.

8. **1809050 - Kæra Hlyns Jónssonar á útgáfu byggingarleyfis fyrir byggingu einbýlishúss á lóðinni við Brúnás 12.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

9. **1809057 - Tilkynning frá Mosfellsbæ um landsfund sveitarfélaga um jafnréttismál, dags. 04.09.18.**
Lögð fram.

10. **1803441 - Úrskurður kærunefndar útboðsmála varðandi kæru á útboði vegna endurnýjunar gervigrass á keppnisvöll við Ásgarð, dags. 03.09.18.**
Lagður fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 11. september 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
33. (1848). fundur 2018

Priðjudaginn 18. september 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1711138 - Persónuvernd - innleiðing á nýrri löggjöf.

Á fund bæjarráðs mætti Telma Halldórsdóttir, persónuverndarfulltrúi og gerði grein fyrir verkefnum sem hafin er vinna við vegna innleiðingar á nýjum lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi og Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sátu fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

2. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022) - Forsendur og vinnuferlar.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir forsendum og vinnuferlum vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2019 (2019-2022).

Fjárhagsáætlun verður lögð fram í bæjarráði 30. október 2018 og tekin til fyrri umræðu í bæjarstjórn 1. nóvember 2018.

3. 1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018- málaflökkayfirlit janúar - júní.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir helstu niðurstöðum málaflökkayfirlits janúar - júní 2018.

4. 1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 - viðaukar 4-7.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir eftirfarandi viðaukum 4- 7 við fjárhagsáætlun 2018.

Viðauki 4 Snjómokstur og Strætó

Viðauki 5 HM í knattspyrnu - útsending á Garðatorgi

Viðauki 6 Tómsundaheimili Urriðaholtsskóla

Viðauki 7 Framlag til Hrafnistu, liðveisla, lengd viðvera, húsaleigubætur.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 4-7 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2018, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 4

Snjómokstur kr. 25.000.000

Strætó bs. - framlag kr. 27.000.000

Staðgreiðsla útsvars (hækkun) kr. -52.000.000

Viðauki 5	
HM í knattspyrnu - útsending á Garðatorgi	kr. 10.700.000
Staðgreiðsla útsvars (hækkun)	kr. -10.700.000

Viðauki 6	
Tómstundaheimili Urriðaholtsskóla	kr. 5.000.000
Urriðaholtsskóli (lækkun)	kr. -5.000.000

Viðauki 7	
Framlag til Hrafnistu samkvæmt samningi	kr. 25.500.000
Liðveisla fatlaðs fólks	kr. 30.000.000
Lengd viðvera nemenda	kr. 11.000.000
Húsaleigubætur	kr. 6.500.000
Framlag Jöfnunarsjóðs (hækkun)	kr. -12.000.000
Staðgreiðsla útsvars (hækkun)	kr. -61.000.000

Sigríður Hulda Jónsdóttir, vék af fundi kl. 09:05 og tók Gunnar Einarsson sæti á fundinum sem varamaður.

5. 1806474 - Kinnargata 16 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Langjökli ehf., kt. 670114-1120 leyfi til að byggja einbýlishús að Kinnargötu 16.

6. 1808073 - Opnun tilboða í gatnagerð og lagnir í austurhluta Urriðaholts.

Eftirfarandi tilboð sem hafa verið yfirfarin eru lögð fram.

Jarðaval sf.	kr. 588.053.450
Háfell ehf.	kr. 612.151.100
Loftorka Reykjavík ehf.	kr. 663.900.000
Grafa og grjót ehf.	kr. 552.093.600

Kostnaðaráætlun	kr. 614.068.454
-----------------	-----------------

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Gröfu og grjótS ehf. með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings.

7. 1808159 - Opnun tilboða í niðurrif húsa við Lækjarfit.

Eftirfarandi tilboð sem hafa verið yfirfarin eru lögð fram.

GT - verktakar ehf.	kr. 14.000.000
Mölun ehf.	kr. 13.622.750
A.B.L. Tak ehf.	kr. 14.475.500
EJ vélar	kr. 14.551.615
Work North ehf.	kr. 22.579.000

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Mölunar ehf. með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings.

8. **1809166 - Bréf Tækniskólans um lóð fyrir nýbyggingu er hýsi starfsemi skólans, dags. 10.09.18.**
Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við forsvarsmenn skólans þar sem ræddir voru möguleikar á staðsetningu lóðar fyrir skólann í Garðabæ.

Bæjarráð telur málið áhugavert og felur bæjarstjóra að vinna áfram að málinu.
9. **1809167 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi á stuðningsmannakvöldi UMFÁ í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeiðnið leyfi verði veitt.
10. **1809173 - Bréf Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra um túlkajónustu á tómstundar- og menningarviðburðum, dags. 05.09.18.**
Bæjarráð samþykkir að vísa bréfinu til fjölskyldusviðs og fræðslu- og menningarsviðs og felur sviðsstjórum afgreiðslu þess með hliðsjón af atburðum eða tilvikum hverju sinni. Bæjarráð vísar beiðni um styrk til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.
11. **1809101 - Tilkynning frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um ársfund 2018.**
Lögð fram.
12. **1809182 - Bréf Kvenfélags Garðabæjar um endurnýjun eldhúss og bifreiðastæðis við Garðaholt, dags. 12.09.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.
13. **1809183 - Bréf íbúa í efri Lundum um hraðatakmarkanir og aukið umferðaröryggi, dags. 05.09.18.**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið erindinu og vísar því til frekari úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.
14. **1809190 - Bréf Félagsráðgjafafélags Íslands um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, dags. 07.09.18.**
Lagt fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 18. september 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

9. fundur 2018

Þriðjudaginn 11. september 2018 kl. 15:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður, Margrét Íris Baldursdóttir varamaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808126 - Starfsdagur fjölskylduráðs

Boðað var til starfsdags fjölskylduráðs. Gestir fundarins voru Harpa Þorsteinsdóttir, varamaður í fjölskylduráði, Sólveig Steinsson, umsjónarþroskapjálfi og Ingibjörg Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Starfshættir nefnda (Guðjón E. Friðriksson)
2. Fjölskyldusvið almennt (Bergljót Sigurbjörnsdóttir)
3. Barnavernd og framfærslumál (Hildigunnur Árnadóttir)
4. Málefni fatlaðs fólks og húsnæðismál (Sólveig Steinsson)
5. Heimaþjónusta og málefni aldraðra (Ingibjörg Valgeirsdóttir)
6. Starf ráðsins í vetur - umræður og spjall (Almar Guðmundsson)
7. Undirritun þagnarheits.

Eftir kynningar starfsmanna voru umræður og spjall. Þá fór formaður fjölskylduráðs yfir starf/verkefn fjölskylduráðs í vetur.

Í fundarlok skrifuðu nefndarmenn undir þagnarheit.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

2. fundur 2018

Föstudaginn 7. september 2018 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Hönnunarsafni við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808084 - Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands 2018

Í haust verður framhald á fræðslu- og sögugöngum Garðabæjar og aftur verður farið í samstarf við Ferðafélag Íslands þar sem göngurnar verða jafnframt lýðheilsugöngur. Greint var frá undirbúningi við fjórar göngur miðvikudagana 5., 12., 19. og 26. september. Göngurnar verða kynntar á vef Garðabæjar og fésbókarsíðu ásamt því að vera auglýstar í Garðapóstinum.

Hátt í 80 manns mættu í fyrstu gönguna sem var farin miðvikudaginn 5. september sl þar sem gengið var meðfram Arnarnesvoginum.

2. 1710153 - Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Bréf afmælisnefndar vegna þátttöku sveitarstjórna í verkefninu „Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands“ var tekið fyrir í bæjarráði Garðabæjar 29. maí sl. og vísað til umfjöllunar m.a. í menningar- og safnanefnd.

Lagt fram og rætt. Bókasafn Garðabæjar og grunnskólar bæjarins hafa verið með ýmsa viðburði í undirbúningi vegna aldarafmælis fullveldisins, t.d. í tengslum við Dag íslenskrar tungu 16. nóvember nk.

Rætt var um möguleika á því að menningar- og safnanefnd standi fyrir ljósmyndasamkeppni þar sem þátttakendur myndu senda inn myndir úr daglegu lífi í Garðabæ nú á 100 ára afmæli fullveldisins.

Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi.

3. 1808309 - Vídalínsvika 2018

Greint var frá málþingi og viðburðum tengdum Jóni biskup Vídalín sem Vídalínskirkja/ Garðasókn stendur að í haust þar sem 300 ár eru liðin frá útgáfu Vídalínspostillu, en Jón Vídalín fæddist í Görðum á Álftanesi þann 21. mars 1666.

Ýmsar hugmyndir um viðburði sem væri hægt að tengja við þessi tímamót hafa verið kynntar meðal skóla og hjá Bókasafni Garðabæjar. Í bókasafninu er til skoðunar að sýna Vídalínspostillur í eigu safnsins og einnig að skoða möguleika á því að vera með erindi tengt efninu í safninu.

Menningar- og safnanefnd tekur jákvætt í að eiga samstarf við bókasafnið um útfærslu á viðburðum þessu tengt í bókasafninu.

4. 1806110 - Beiðni um styrk - Töframáttur tónlistar

Bréf verkefnisstjóra, dags. 28.05.2018 um styrk vegna tónleikaraðinnar „Töframáttur tónlistar“ tekið fyrir. Bæjarráð tók bréfið fyrir á fundi sínum 26. júní sl. og vísaði bréfinu til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.

Menningar- og safnanefnd telur eigi unnt að verða við erindinu.

5. 1807225 - Umsókn um styrk fyrir kvikmyndaverkefni

Bréf Víðis Hólms Ólafssonar, dags. 27.07.2018, um styrk vegna kvikmyndaverkefnis tekið fyrir. Bæjarráð tók bréfið fyrir á fundi sínum 31. júlí sl. og vísar umsókninni til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.

Menningar- og safnanefnd telur eigi unnt að verða við erindinu þar sem ekki hefur tíðkast að veita sérstaka styrki til lokaverkefna í skóla. Upplýsingastjóra er falið að ræða við bréfrítara og benda á möguleika á því að sækja um styrk í Hvatningarsjóð ungra listamanna þegar til næstu úthlutunar kemur að vori.

6. 1807047 - Forgangsmarkmið samþykkt vegna heimsmarkmiðanna

Tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. júlí 2018, um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna lagt fram. Bæjarráð Garðabæjar vísaði markmiðunum til kynningar í helstu nefndum bæjarins.

Lagt fram og rætt.

7. 1808474 - Menningarhátíð Norrænu félaganna í Reykjavík og Garðabæ

Tekið var fyrir bréf Norræna félagsins í Garðabæ, dags. 30.08.2018, um styrk vegna menningarhátíðar sem félagið stendur fyrir ásamt fleirum dagana 4.-7. október 2018 í tengslum við norrænu menningarhátíðina Höstfarver. Fyrirhugað er að listamennirnir komi fram í Garðabæ 7. október nk.

Bæjarráð tók bréfið fyrir á fundi sínum 4. september sl. og vísaði því til afgreiðslu menningar- og safnanefndar. Í kjölfarið hefur upplýsingastjóri aflað frekari upplýsinga hjá formanni Norræna félagsins í Garðabæ um verkefnið.

Menningar- og safnanefnd tekur jákvætt í erindið og felur upplýsingastjóra afgreiðslu málsins í samræmi við umræður á fundinum, varðandi samstarf Garðabæjar og Norræna félagsins í Garðabæ um verkefnið.

8. 1808480 - Beiðni um stuðning við leikhús í Garðabæ

Bréf Leiksmiðjunnar Friggjar varðandi stuðning við að byggja upp leikhús í Garðabæ. Bæjarráð tók bréfið fyrir á fundi sínum 4. september sl. og vísaði bréfinu til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.

Lagt fram og rætt. Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi.

9. 1808275 - Heimsókn í Hönnunarsafn Íslands

Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafnsins, sagði nefndarmönnum frá starfssemi safnsins. Hönnunarsafn Íslands er hönnunar- og fræðamiðstöð og jafnframt miðstöð safnastarfsemi á sviði hönnunar og er eina safnið sinnar tegundar á Íslandi. Safnið varðveitir hátt í 4000 safngripi. Í lok kynningar forstöðumannsins var farið í skoðunarferð um húsakynni safnsins.

Sigríði var þökkueð greinargóð kynning á starfssemi safnsins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar

2. fundur 2018

Mánudaginn 17. september 2018 kl. 08:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Urriðaholtsskóla.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Íris Kristína Óttarsdóttir fulltrúi foreldra, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri, Katrín Friðriksdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hilmar Þór Sigurjónsson fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri á skóladeild.

Þorgerður Anna skólastjóri Urriðaholtsskóla kom inn á fundinn undir lið 5.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808345 - Forvarnarvika haust 2018

Undirbúningur að forvarnarviku 3.-10. október kynntur. Yfirskrift vikunnar verður "heilsueflandi samvera". Dagskrá verður fjölbreytt og er samstarfsverkefni flestra stofnana bæjarins auk annarra aðila sem koma að vinnu með börnum, unglingum og fjölskyldum.

2. 1809156 - Ytra mat - Barnaskóli Hjallastefnunnar

Rætt um stöðu mála á umbótaáætlun v/ ytra mats á starfsemi Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilstöðum. Skólanefnd ítrekar að umbótaáætlun verði lokið og send ráðuneyti innan setts tímaramma sem er fyrir 24. september.

3. 1801270 - Samstarf SSH um símenntun grunnskólakennara

Kynning á samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um símenntun grunnskólakennara, en fyrir liggur styrkur frá Erasmus í verkefnið. Fræðslan í ár er framhald frá fyrra ári um fræðslu fyrir kennara sem kenna nemendum með íslensku sem annað mál. Rætt um mikilvægi þess að hafa heildstæða þjónustu fyrir þennan hóp og skóladeild falið að skoða málið nánar og taka aftur upp á fundi skólanefndar í vetur.

4. 1809152 - Ný persónuverndarlög - kynningar- og fræðslufundir fyrir starfsmenn grunnskóla

Nýr persónuverndarfulltrúi Garðabæjar mun á næstu 4 vikum halda fræðslufundi fyrir alla starfsmenn grunnskóla bæjarins og tómstundaheimila, um áherslubreytingar á starfsemi grunnskóla vegna nýrra persónuverndarlaga.

5. 1809154 - Kynning á Urriðaholtsskóla

Kynning á helstu áherslum í starfi Urriðaholtsskóla, auk kynnisferðar um húsnæðið. Skólanefnd þakkar skólastjórnendum fyrir góðar móttökur og metnaðarfulla kynningu á starfi nýs skóla.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar

1. fundur 2018

Fimmtudaginn 6. september 2018 kl. 17:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í miðrymi 3. hæð á bæjarskrifstofum Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson formaður, Einar Örn Magnússon aðalmaður, Sigrún Gísladóttir aðalmaður, Sólveig Guðrún Geirsdóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1805154 - Kynning á starfsemi skólans, reglugerðir og rekstur

Skólanefnd kynntar reglur Garðabæjar um starfsemi og starfshætti nefnda ásamt reglugerð fyrir TSG frá 28. ágúst 2013.

2. 1805154 - Skólastarf tónlistarskólans 2018-2019.

Skólastjóri kynnti rekstur skólans. Tónlistarskólinn starfar samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og kennir samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Í skólanum starfa 50 manns og það eru um 490 nemendur þetta skólaárið. Kennt er á 7 stöðum í Garðabæ. Í skólanum er kennt á öll helstu hljóðfæri og söng. Fjölmargir samspilshópar auk þriggja lúðrasveita, stórsveitar, tveggja strengjasveita, suzukihópa og sönghópa eru starfandi í skólanum.

3. 1805154 - Fjárhagsáætlunarvinna framundan.

Unnið er að endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir 2019 og er hún byggð á áætlun sem gerð var fyrir árin 2018 til 2021.

Farið var yfir vinnuferlið við fjárhagsáætlunargerð.

Skólastjóri fór yfir helstu mál er lúta að tónlistarskólanum. Nefndin leggur áherslu á að halda áfram endurnýjun hljóðfæra sem ætluð eruð til útleigu ásamt píanókosti skólans. Þá er mikilvægt að huga að stækkun tónlistarskólans í Kirkjulundi og á Álftanesi þar sem húsnæði stendur starfsemi skólans fyrir þrifum.

4. 1805154 - Skoðanakannanir

Fram kom hjá skólastjóra að á haustönn verði gerð starfsmannakönnun líkt og gert er á þriggja ára fresti. Foreldrakönnun var framkvæmd á síðasta skólaári.

5. 1807047 - Forgangsmarkmið samþykkt vegna heimsmarkmiðanna

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
3. fundur 2018

Þriðjudaginn 11. september 2018 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í endanum 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufraeðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1710185 - Strætóskýli

Minnisblað lagt fram. Umhverfisnefnd leggur til að sett verði inn á fjárhagsáætlun 2019 að endurnýja biðskýlin við Ásgarð og að endurnýjuð verði 4 skýli á ári.

2. 1809099 - Grenndargámar

Minnisblað lagt fram og samþykkt að koma upp grendargámastöð við Hofstaðaskóla á árinu og í framhaldinu við Sjúlandsskóla.

3. 1612021 - Hleðslustöð fyrir rafbíla

Minnisblað lagt fram og lagt til að unnið verði eftir því við uppbyggingu innviða fyrir rafbíla.

4. 1807047 - Forgangsmarkmið samþykkt vegna heimsmarkmiðanna

Skýrsla lögð fram.

5. 1805303 - Mengunarmælingar 2018

Mengunarmælingar lagðar fram og málið rætt. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að vöktunaráætlun fyrir Arnameslæk verði fylgt eftir af festu.

6. 1808105 - Lausaganga búfjár og fjallskil

Lagt fram.

7. 1809100 - Starfsskýrsla skógræktarfélags Garðabæjar 2017-2018

Skýrslan lögð fram. Ánægja með öflugt starf skógræktarfélagsins.

8. 1809102 - Ársskýrsla - Skógræktarfélags Reykjavíkur 2017

Lagt fram.

9. 1707017 - Plastlaus september

Vakin er athygli á að plastflokkunin hefur gengið vel en betur má ef duga skal.

10. 1809022 - Samgönguvika 2018

Kynnt fyrir nefndinni.

11. 1809146 - Gróðursetningar 2018 í Garðabæ

Farið yfir gróðursetningaáætlun Garðabæjar fyrir haustið.

12. 1703354 - Hjóla og gönguteljari

Umhverfisnefnd samþykkir að settur verði upp gönguteljari við Vífilstaðavatn. Einnig að unnið verðir áfram með hinum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu við uppsetningu á hjólateljurum á samgöngustígum og að bætt verði við öðrum teljara á næsta ári.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

290. fundur

Fimmtudaginn 30. ágúst 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 12:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson, Sigrún Edda Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Karen Halldórsdóttir og Ásgeir Sveinsson.

Fjarverandi: Björg Fenger

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019
2. Efling almenningssamganga

Tekið fyrir:

1. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019

Áframhaldandi umfjöllun um drög að forsendum fjárhagsáætlunar 2019-2023.

Stjórn samþykkti að fyrirbyggjandi drög verði lögð fram á næsta eigendafundi Strætó.

2. Efling almenningssamganga

Mannvit vann skýrslu um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu 2012-2022, skýrslan er unnin fyrir stýrihóp SSH og ríkisins og var gefin út í apríl 2018 og var kynnt á fundi stjórnar 27. apríl 2018.

Í skýrslunni kemur fram að verkefnið hefur skilað árangri og flestir þeir mælikvarðar sem þar eru notaðir sýni jákvæðar niðurstöður. Enn hefur þó ekki tekist að ná viðunandi árangri í hlutfalli ferða með almenningssvögnum af heildarfjölda ferða á höfuðborgarsvæðinu.

Stýrihópur verkefnisins lagði til í framhaldi af niðurstöðunni að stjórn SSH myndi óska eftir skoðun og greinagerð frá Strætó um hvernig ná má sem bestu árangri við nýtingu framlags ríkisins, í framhaldi af því óskaði stjórn SSH eftir því á fundi 9. apríl 2018 að stjórn Strætó komi með tillögu um aðgerðir svo markmið samningsins verði náð.

Framkvæmdastjóri Strætó hefur í samstarfi við Mannvit tekið saman drög að aðgerðaáætlun sem lögð var fram á fundinum. Þar kemur meðal annars fram að helsta ástæða þessa að íbúar kjósi að nota ekki almenningssamgöngur er að; a) ferðatími er of langur og b) leiðakerfi henti ekki.

Til að bregðast við þessu þarf að fjölga sérakreinum og forgangsljósum fyrir Strætó, ásamt því að auka tíðni ferða (ridership) á fleiri leiðum.

Markvissara samráð á milli einstaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélaganna og Strætó þarf að eiga sér stað til að hægt verði að ná árangri, meðal annars um uppbyggingu sérakreina, forgangsljósa, aðgengi og útlit stoppistöðva og leiðakerfis í átt að aukinni tíðni.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 13:30

Fylgiskjöl:
Engin fylgiskjöl

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Ásgeir Sveinsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

394. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 12.09.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarki Bjarnason og Bjarni Torfi Álfþórsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 5 var Auðbjörg Friðgeirsdóttir og Jón H. Sigurðsson frá pwc.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2019 - 2023

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir árin 2019 – 2023. Forsendur voru kynntar á eigendafundi þann 3. september sl. Málið rætt.

2. Samningur við Sorpstöð Suðurlands bs.

Lögð fram ósk Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) um framlengingu á samningi um móttöku á úrgangi af Suðurlandi. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri greina frá fundi sem stjórn SSH boðaði með stjórn SORPU bs., stjórn SOS og bæjar- og sveitarstjórum af Suðurlandi og haldinn var 11. september. Fundur verður haldinn í stjórn SOS síðar í vikunni þar sem vonast er til að málið þokist áfram. Málinu frestað.

3. Lántökur vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað um fjármögnun og lántökur vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Kynnt niðurstaða Íslandsbanka og Lánasjóðs sveitarfélaga um lánveitingar. Stjórn samþykkir lántökur hjá báðum aðilum og bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 750 mkr., til 15 ára. Er lánið tekið til að fjármagna gas- og jarðgerðarstöð í Álfnsnesi. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Birni H. Halldórssyni, kt. 241262-5299, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs. að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

[Handwritten signatures and initials]

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs. þ.e.a.s. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykktum sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins."

Stjórn samþykkir jafnframt lántöku hjá Íslandsbanka fyrir tveimur lánnum, sbr minnisblað framkvæmdastjóra frá 22. maí sl.:

Framkvæmdalán að fjárhæð 500 milljónir
Langtímalán að upphæð 1.000 milljónir til 6 ára

Stjórn samþykkir og undirritar umboð til framkvæmdastjóra til að ganga frá ofangreindum lánnum gagnvart Íslandsbanka.

4. Samningur við verktaka í Álfsnesi

Samningur við verktaka í Álfsnesi rann út þann 1. september sl. Ljúka átti við útboð í sumar en af ýmsum ástæðum tafðist sú framkvæmd, sbr. minnisblað yfirverkfræðings. Stjórn felur framkvæmdastjóra að framlengja samningi við verktaka til 31. október. Útboð vegna verksins var auglýst um helgina og gert ráð fyrir að nýr samningur taki gildi 1. nóvember nk. og gildi út árið 2020.

5. Kynning innri endurskoðanda

Innri endurskoðandi SORPU kynni skýrslu um innra eftirlit ársins 2017. Málið rætt.

6. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 21. september kl. 07:30 og 3. október kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 10:20

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Tritkir Jón Jónsson

Ólafur Björnsson

Jóna Þorvaldsdóttir

Bjarki Bjargason

Bjarni Tólfur

Bjarni Hjörður

Guðmunda Jóhannesdóttir

Guðmunda Jóhannesdóttir



STJÓRN SSH 460. fundur

Mánudaginn 3. september 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Karl M. Kristjánsson.

Fjarverandi: Ásgerður Halldórsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Aðalfundur SSH 2018.

Samþykkt að aðalfundur SSH 2018 verði haldinn í Garðabæ 16. nóvember 2018.

2. Greining á starfi SSH og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Fyrir lá eftirfarandi tillaga:

Stjórn SSH samþykkir að skipa verkefnahóp til að leggja fram tillögur um hvernig samtökin geta sem best unnið með sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu á komandi árum og hvernig hægt er að laga umfang og eðli starfsemi samtakanna þannig að hún falli sem best að fyrirsjáanlegum verkefnum sem sveitarfélögin kjósa að takast á við á vettvangi samtakanna.

Verkefnið felur m.a í sér:

Samanburð á tekjum (fjárframlögum sveitarfélaganna, jöfnunarsjóðs og sóknaráætlunar) og verkefnum SSH og annarra landshlutasamtaka, umfangi samstarfs og áherslum í samstarfi. Sömuleiðis verði skoðað fyrirkomulag og umgjörð samstarfsverkefna í hverjum landshluta og hvernig samskiptum við sveitarstjórnir og kjörna fulltrúa er háttað.

Yfirferð á núverandi samstarfsverkefnum sveitarfélaganna á vettvangi SSH og mati á hverju þarf mögulega að breyta í ljósi reynslu og breyttra áherslna.

Mótun tillagna um mögulega breytingar og áherslur í ljósi úrvinnslu á a) og b).

Gert er ráð fyrir að úrvinnsla, niðurstöður og tillögugerð hópsins verði teknar til umfjöllunar á aðalfundi SSH 16. nóvember 2018.

Tillagan samþykkt, og samþykkt að skipa Ármann Kr. Ólafsson, Rósu Guðbjartsdóttur og Gunnar Einarsson í verkefnahópinn.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:30

Fundargerð
15. eigendafundar Strætó bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 3. september 2018, kl. 08:00

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Hjálmar Sveinsson, varaformaður stjórnar Strætó bs., Reykjavík
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði

Enn fremur sátu fundinn Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó bs. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Forsendur fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2019

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundi:

Almennar forsendur fjárhags- og starfsáætlunar Strætó bs. fyrir árið 2019 .
Forsendublað Strætó bs. vegna fjárhags- og starfsáætlunar 2019.

Birgir Björn Sigurjónsson gerði grein fyrir framlögðu forsendublaði vegna fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins 2019:

1. Ytri forsendur:

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamlaga SSH fyrir tímabilið 2019-2023 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. júní sl.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	5,3	3,9	3,1	2,9	2,7	2,5
Samneysla	2,5	2,1	1,9	1,7	1,9	1,9
Fjármunamyndun	3,2	4,9	3,6	1,7	2,2	3,5
Útflutningur vöru og þjónustu	3,4	2,7	2,6	2,6	2,6	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	6,4	5,1	3,0	2,4	2,3	2,5
Verg landsframleiðsla	2,9	2,7	2,7	2,5	2,6	2,5
Visitala neysluverðs	2,7	2,9	2,7	2,6	2,6	2,5
Gengisvisitala (hækkun = veiking krónu)	0,0	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavisitala*	5,9	6,0	4,4	4,2	4,2	4,1

Einnig eru lagðar fram forsendur fjármálaskrifstofu um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2018 og 2019 þ.e. á milli ársloka 2017 og 2018 annars vegar og ársloka 2018 og 2019 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2018	2019
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,5	2,1

2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

3. Forsendur um framlög eigenda

Við áætlunargerðina skal miðað við óbreytt fyrirkomulag varðandi framlög eigenda.

4. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

5. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áform um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði borin undir eigendur til samþykktar.

6. Forsendur um hagræðingaraðgerðir

Niðurstöður rekstrarúttektar á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til hagræðingartillagna við gerð fjárhagsáætlunar 2019 og fimm ára áætlunar félagsins í samræmi við niðurstöður eigendafundar 3. apríl 2017.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendafundur samþykkti að ofangreindar forsendur verði lagðar til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar 2019 fyrir byggðasamlagið.

Forsendur Strætó bs. vegna fjárhags- og starfsáætlunar 2019

Hjálmar Sveinsson, varaformaður stjórnar Strætó bs. gerði grein fyrir framlagðri tillögu að meginforsendum fjárhags- og starfsáætlunar sem stjórn Strætó bs. leggur til að verði til grundvallar við mótun fjárhags- og starfsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2019.

Framkvæmdastjóri Strætó bs. gerði grein fyrir núverandi stöðu í rekstri byggðasamlagsins og helstu viðfangsefnum sem takast þarf á við á komandi ári.

Umræður

Rætt var m.a. um árangur af breytingum á leiðakerfi á liðnu sumri, s.s. aukinni tíðni, tilraunaverkefni með næturakstur, þörf á rafrænu greiðslukerfi, farþegatalningu o.fl. Þá var einnig rætt um áhrif af uppgjöri við Lífeyrissjóðinn Brú á fjárhagsstöðu byggðasamlagsins.

Niðurstaða:

Stjórn Strætó bs. mun móta endanlegar tillögur að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir 2019 á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og í samræmi við þá meginforsendur að rekstur byggðasamlagsins verði í jafnvægi og ekki komi til aukinna framlaga eigenda.

2. mál. Samningur SSH og Vegagerðarinnar um 10 ára tilraunaverkefni til efningar almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Neðangreind gögn lágu fyrir undir þessum dagskrárlið:

Stiklublað – yfirlit yfir aðgerðir í rekstri og þjónustu Strætó bs. 2012-2018 á grundvelli framlags ríkisins skv. ofangreindum samningi.

Tillaga að næstu skrefum – hugmyndir um aðgerðir til lengri og skemmri tíma til aukins árangurs af nýtingu framlags ríkisins sbr. ofangreindan samning.

„Efling almenningsamgangna – samningur ríkisins og SSH“ – stiklusamantekt.

Fyrir liggur að skv. ofangreindum samningi átti að fara fram ítarlegt framvindu og árangusmat á fyrri hluta ársins. Stýrihópur verkefnisins frestaði að skila niðurstöðu og óskaði eftir greinargerð frá Strætó bs. um mögulegar aðgerðir til markvissari nýtingar á framlagi ríkisins í samræmi við sett markmið í samningnum. Ofangreind gögn verða hluti af endanlegum tillögum Strætó bs. sem verða tilbúnar á næstu 1–2 vikum.

Umræður

Niðurstaða.

Strætó bs. mun skila endanlegum tillögum til stýrihóps verkefnisins, og gert er ráð fyrir að niðurstaða stýrihópsins verði rædd á næsta eigendafundi byggðasamlagsins.

Samþykkt að næsti eigendafundur verði haldinn mánudaginn 1. október nk. og þar verði fjallað um mótaða rekstraráætlun fyrir 2019 sbr. 1. mál og árangurs- og framvindumat vegna tilraunaverkefnisins um eflingu almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mál.

Næsti eigendafundur verður haldinn mánudaginn 1. október nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 09:30

Páll Guðjónsson, fundarritari.

Fundargerð
13. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 3. september 2018, kl. 10:00

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson Kópavogsbæ, sjónarformaður SORPU bs.
Líf Magneudóttir, Reykjavíkurborg
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ
Ásgeir Bjarni Garðarsson, Hafnarfjarðarbæ

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri SORPU bs., Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2019

- a) Fyrir lá tillaga að forsendublaði vegna meginþátta í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2019. Birgir Björn Sigurjónsson fór yfir og skýrði helstu þætti:

1. Ytri forsendur:

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamlaga SSH fyrir tímabilið 2019-2023 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. júní sl.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	5,3	3,9	3,1	2,9	2,7	2,5
Samneysla	2,5	2,1	1,9	1,7	1,9	1,9
Fjármunamyndun	3,2	4,9	3,6	1,7	2,2	3,5
Útflutningur vöru og þjónustu	3,4	2,7	2,6	2,6	2,6	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	6,4	5,1	3,0	2,4	2,3	2,5
Verg landsframleiðsla	2,9	2,7	2,7	2,5	2,6	2,5
Vísitala neysluverðs	2,7	2,9	2,7	2,6	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	0,0	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala*	5,9	6,0	4,4	4,2	4,2	4,1

Einnig eru lagðar fram forsendur fjármálaskrifstofu um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2018 og 2019 þ.e. á milli ársloka 2017 og 2018 annars vegar og ársloka 2018 og 2019 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2018	2019
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,5	2,1

2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

3. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærrí fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

4. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áform um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði borin undir eigendur til samþykktar.

5. Forsendur um hagræðingartillögur

Niðurstöður rekstrarúttektar á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til hagræðingartillagna við gerð fjárhagsáætlunar 2019 og fimm ára áætlunar félagsins í samræmi við niðurstöður eigendafundar.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að ofangreint verði lagt til grundvallar við mótun fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2019.

- b) Forsendublað stjórnar SORPU bs. vegna rekstraráætlunar byggðasamlagsins 2019-2023.

Framkvæmdastjóri SORPU bs. fór yfir meginþætti í fyrirbyggjandi forsendublaði.

Umræður

Rætt var um mikla aukningu í aðstreymi úrgangs til meðhöndlunar og förgunar hjá byggðasamlaginu og núverandi stöðu endurvinnslustöðva sveitarfélaganna í því sambandi. Farið var yfir þörf á endurskoðun á staðsetningu stöðvanna og mótun heildarsýnar á fjölda og framtíðarstaðsetningu þeirra.

Niðurstaða:

Samþykkt að ofangreind forsenduskjöl verði lögð til grundvallar við gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2019, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi.

Jafnframt var samþykkt að framkvæmdastjóri og svæðisskipulagsstjóri SSH kalli saman fulltrúa SORPU og skipulagsstjóra sveitarfélaganna til að greina í sameiningu kosti og möguleika á nýrri staðsetningu endurvinnslustöðva sveitarfélaganna í ljósi óhjákvæmilegra breytinga sem þarf að gera á núverandi staðsetningu. Stefnt að því að verkefnið verði komið í gang fyrir næsta eigendafund byggðasamlagsins.

2. mál: Urðunarstaður í Álfsnesi – staða vegna starfsleyfis og tímasetningar í eigendasamkomulagi frá október 2013.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra SORPU bs. vegna málsins.

Umræður.

Niðurstaða:

Ljóst er að brýn þörf er á að framlenging á starfsleyfi vegna urðunarstaðar í Álfsnesi til jafnlengdar við tímalengd í eigendasamkomulegi fáið sem fyrst. Framkvæmdastjóri mun vinna áfram að málinu og í tengslum við úrvinnslu á mögulegri framtíðarlausn urðunarstaðar sbr. 3. mál hér að neðan.

3. mál: Samstarf sorpsamlaga á suðvesturhorni – viljayfirlýsing og staða viðræðna um mögulegan framtíðarurðunarstað á suðurlandi.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundinum vegna þessa máls:

Minnsblað framkvæmdastjóra SSH: „Málefni framtíðarurðunarstaðar og samstarf sorpsamlaga um framtíðarlausnir við meðhöndlun úrgangs.

Bókun sveitarstjórnar Ölfuss frá 30. ágúst vegna erindis Sorpstöðvar Suðurlands um möguleika á opnun urðunarstaðar fyrir óvirkan úrgang á Nessandi í Ölfusi.

Árman Kr. Ólafsson gerði grein fyrir yfirstandandi viðræðum fulltrúa eigenda SORPU og stjórnar SOS um málið, og framkvæmdastjóri SSH og framkvæmdastjóri SORPU fóru sömuleiðis yfir meginþætti máls.

Umræður

Niðurstaða:

Lausn á staðsetningu nýs urðunarstaðar fyrir óvirkan úrgang er grundvallarforsenda fyrir samstarfi og verkaskiptingu sorpsamlaga á suðvesturhorninu vegna meðhöndlunar og forgang úrgangs, sem og nauðsynlegt úrræði í stað urðunarstaðar í Álfsnesi eftir 2020.

Fyrirliggjandi upplýsingar um stöðu málsins og bókun bæjarstjórnar Ölfuss frá 30. ágúst sl. benda ekki til þess að lausn sé í sjónmáli á vettvangi SOS.

Í ljósi þessa telur eigendafundurinn nauðsynlegt að boðað verði svo fljótt sem auðið er til sameiginlegs fundar stjórnar og eigendavettvangs SORPU sb. annars vegar og stjórn SOS og framkvæmdastjóra aðildarsveitarfélaga SOS til fundar til að fara yfir þessa stöðu.

Framkvæmdastjóra SSH falið að boða til fundarins.

Næsti eigendafundur verður haldinn mánudaginn 1. október nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:45

Páll Guðjónsson, fundarritari.

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2018, þriðjudaginn 11. september var haldinn 368. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Saltvík 3. hæð og hófst kl. 13:35. Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Björg Fenger Garðabæ, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Einar Bjarnason rekstrarstjóri, Andrés B. Andreassen fjármálastjóri, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Garðabæjar dags. 26. júní sl. þar sem fram kemur að á fundi bæjarstjórnar 21. júní sl. hafi Björg Fenger verið kosin aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Gunnar Einarsson til vara.
2. Lagt fram bréf borgarráðs dags. 9. júlí sl. þar sem fram kemur að á fundi borgarráðs 5. júlí 2018 hafi Gunnlaugur Bragi Björnsson verið kosinn aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
3. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Kópavogs dags. 17. júlí sl. þar sem fram kemur að Halla Karí Hjaltsted hafi verið kosin aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Guðmundur G. Geirdal til vara.
4. Lagt fram bréf Seltjarnarnesbæjar dags. 17. ágúst sl. þar sem fram kemur að Magnús Örn Guðmundsson verði aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Sigrún Edda Jónsdóttir til vara.
5. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Hafnarfjarðar dags. 6. sept. sl. þar sem fram kemur að á fundi bæjarstjórnar 5. sept. sl. hafði Kristín María Thoroddsen verið kosin varamaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Valdimar Víðisson til vara.
6. Kjör formanns. Samþykkt að Gunnlaugur Bragi Björnsson fulltrúi verði formaður.
7. Lagðir fram til kynningar samstarfssamningur sveitarfélaga um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 7. nóvember 2016 og samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 7. maí 2018.
 - kl. 13:50 vék sviðsstjóri ÍTR af fundi.
8. Lagt fram rekstraruppgjör janúar – júní 2018. Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri útskýrðu uppgjorið og kynntu starfsemina.
9. Rætt um gjaldskrá skíðasvæðanna. Frestað.
10. Rætt um rekstraráætlun fyrir árið 2019. Frestað.

Fundi slitið kl. 14:52.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fenger
Halla Kari Hjaltested

Magnús Örn Guðmundsson
Kristín María Thoroddsen

18.09.2018

Tillaga Garðabæjarlistans til fjárhagsáætlunar 2019 um gjaldfrjálstan tómstundaakstur

Flutningsmaður: Ingvar Arnarson

Garðabæjarlistinn

leggur fram tillögu til fjárhagsáætlunar þess efnis að Garðabær bjóði upp á gjaldfrjálstan tómstundaakstur fyrir börn.

Greinargerð

Mikilvægt er að tryggja

öllum börnum í Garðabæ jafnan aðgang að tómstundum sem eru í boði í bænum. Með því að hafa tómstundaakstur gjaldfrjálstan gefst börnum tækifæri á að sækja sem flestar tómstundir. Mikilvægt er í nútímasamfélagi að jafna aðgang fyrir börn að tómstundum og fækka ferðum foreldra á einkabílum eins og kostur er. Garðabæjarlistinn telur að með þessum hætti sé hægt að koma til móts við þarfir fjölskyldna í Garðabæ.

18.09.2018

**Tillaga Garðabæjarlistans um stofnun Sköpunarmiðstöðvar (Menningarhús)
Flutningsmaður: Valborg Ösp Árnadóttir Warén**

Garðabæjarlistinn leggur til að komið verði á fót Sköpunarmiðstöð eða Menningarhúsi. Garðabæjarlistinn gerir það að tillögu sinni að nú við vinnu fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár verði gert ráð fyrir fjármagni svo að hægt verði að hefja undirbúning fyrir byggingu húsnæðis undir starfseminu og á meðan verði fundin viðunandi aðstaða hið fyrsta.

Garðabær á að vera lifandi bær þar sem hugvit fær að blómstra og því er nauðsynlegt að viðunandi aðstaða sé í bænum þar sem ungt fólk sem og aðrir geti nýtt sér til að sinna ný – og listsköpun.

Garðabæjarlistinn leggur til að Íþróttu-og tómstundaráð, ásamt menningarnefnd móti hugmyndir að sköpunarmiðstöðinni og njóti til þess fulltingis Ungmennaráðs Garðabæjar.

Greinagerð.

Fjölbreyttir valkostir í tómstundastarfi ýta undir vellíðan. Til þess að sem flestir finni áhugamál við sitt hæfi er nauðsynlegt að koma á fót miðstöð eða aðstöðu fyrir list og nýsköpun hér í bæjarfélaginu.

18.09.2018

Tillaga Garðabæjarlistans um styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólki Garðabæjar Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að bæjarstjórn samþykki að stefna að því að stytta vinnuviku starfsmanna bæjarins.

Garðabæjarlistinn gerir það að tillögu sinni að nú við vinnu fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár verði gert ráð fyrir fjármagni til þess að setja af stað starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna þá undirbúningsvinnu sem þarf til þess að ná fram því markmiði að stytta vinnuviku starfsmanna bæjarins úr 40 klst vinnuviku niður í 35 klst vinnuviku eða 1 klst á hvern virkan vinnudag.

Garðabæjarlistinn leggur til að forgangsraðað verði með þeim hætti að fyrst verði horft til starfsfólks á leikskólum bæjarins þar sem farið verði í samvinnu við stjórnendur að rýna í slíkt fyrirkomulag er varðar skipulag slíkrar aðgerðar.

Greinargerð

Starfsumhverfi leikskóla er einn af þeim vinnustöðum þar sem áreitið er mikið og álag mikið á starfsfólki. Vinnumhverfið er þess eðlis að starfsfólk er mjög bundið við það mikilvæga verkefni að sinna börnum sem liggur í hlutarins eðli að gefur lítið sem ekkert svigrúm til þess að taka hlé frá störfum í amstri dagsins líkt og við getum ímyndað okkur að starfsfólk til að mynda sem vinnur við skrifstofustorf hefur tækifæri til.

Við viljum öll búa sem allra best að börnum á leikskólaaldri og í því felst að starfsumhverfið sé aðlaðandi og eftirsóknarvert. Stytting vinnuvikunnar hefur sýnt sig á fleiri en einum stað að kalli fram meiri starfsánægju en ekki síður virðist slík aðgerð skapa stöðugleika í viðveru sem skapar um leið festu og og öryggi fyrir börn og minni kostnað við afleysingar.

Að ýta undir betri aðbúnað kvennastétta er eitt af því sem Garðabæjarlistinn leggur ríka áherslu á í stefnu sinni samhliða áherslum þess efnis að leiðrétta kjör kvennastétta. Stytting vinnuvikunnar ýtir undir betri lífsgæði með tilliti til starfsánægju sem ýtir undir betri andlega líðan.